

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, þriðjudagur, 21. desember 2021
UST202112-104/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - efnistaka – Hjálmholtsnáma. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 8. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frekari efnistöku úr Hjálmholtsnámu við Skeiða- og Hrunamannaveg. Þessi náma hefur einnig verið kölluð Merkurhraun en hér eftir Hjálmholtsnáma. Fyrirhugað er að taka 150.000 m³ af efni úr námunni á næstu árum á allt að 25 ha svæði. Efnistaka hefur farið fram í námunni um áratuga skeið og er flatarmál námunnar í dag um 12 ha.

Náman er í Þjórsárhrauni sem þarna er nokkuð sandi orpið og er ríkjandi vistgerð á svæðinu melamóavist sem er víða í Þjórsárhrauni og hefur ekki hátt verndargildi og annað náttúrufar er fátæklegt

Umhverfisstofnun telur að núverandi náma gefi góða mynd af áhrifum frekari efnistöku úr námunni. Bent skal á að þegar efni er tekið af jafn stóru svæði og hér er fyrirhugað á að leggja mikla áherslu á að ganga frá námunni samhliða efnistöku eins og fram kemur í matsskýrslu. Þarna mun falla til talsverð ofanafýting og frákast sem nýta á til frágangs eins og gert er ráð fyrir. Bent skal á að nú er hægt að sækja upplýsingar um frágang á heimasíðunni namur.is. Hraun nýtur sérstakrar verndar en erfitt er að sjá hvernig komast megi hjá raski á þessari jarðmyndun sem nær yfir mjög stórt svæði. Að mati Umhverfisstofnunar á eins og hér er gert að nýta þegar röskuð svæði í stað þess að hefja efnistöku á nýjum og óröskuðum stað í Þjórsárhrauninu.

Efnistakan liggur lágt í landi þannig að efnistakan verður í hvarfi frá næstu þjóðvegum. Að mati Umhverfisstofnunar gætu helstu umhverfisáhrif efnistöku falist í áhrifum á vatnsvernd ef óhöpp verða með olíu því jarðvegur er þarna gropinn þannig að vökvar eiga greiðan aðgang að grunnvatni. Röskun á jarðmyndun mun verða óafturkræf en áhrifin eru viðbót við áhrif sem þegar eru fram komin.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Axel Benediktsson
Sérfræðingur

